

Mál nr. 306/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna dauða birkitrjáa af völdum leka úr hitaveituröri.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 10.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem ráða má af gögnum málsins mun M hafa í ársbyrjun 2016 tilkynnt V sem ábyrgðartryggjanda A að hitaveitulögn, sem liggur undir birkitrjám á lóð við húseign hans við tiltekna götu í Reykjavík, hafi gefið sig og vatn lekið í jarðvegin og eyðilagt trén. Kveður M að umrædd lögn hafi verið lögð í jörð á árinu 1989. Þegar gengið var frá jarðvegi yfir lögninni hafi fyrir handvömm verið gert gat á plast-hlífðarkápu rörsins, en hvasst grjót gæti hafa legið við rörið og eins gæti skófla hafa rekist í kápuna áður en mokað var yfir. Þá hafi jarðsig komið til vegna ófullnægjandi þjöppunar jarðvegs yfir rörunum og mjög líklegt sé að það hafi aukið þrýsting á kápuna og það sem hafi legið utan í henni. Það hafi svo leitt til þess að lögnin gaf sig og heitt vatn farið að leka út í jarðvegin. Kveður M að ljósmynd, sem hann hafi tekið á árinu 2011 af gangstétt sem lögð var um leið og hitaveitulögnin var lögð og liggur við lóðamörkin, sanni á óyggjandi hátt að jarðvinna yfir lögninni og þar með einnig undir gangstéttinni hafi verið ófullnægjandi.

Telur M að A beri ábyrgð á dauða trjána og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Staðhæfingar M um orsakir lekans úr hitaveiturörinu eru ekki studdar neinum gögnum, svo sem matsgerð dómkvadds matsmanns. Af fyrirliggjandi ljósmynd af gangstéttinni, einni og sér, verður heldur ekki fullyrt neitt um það að mistök hafi orðið við jarðvinnu og annan frágang eftir að hitaveitulögnin hafði verið lögð í jörð. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28.október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.